

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/959****2021/EES/55/15****frá 17. maí 2016**

um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir markaðsþreifingar að því er varðar kerfi og sniðmát fyrir tilkynningar sem markaðsaðilar sem miðla upplýsingum skulu nota og snið skráanna í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 10. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Markaðsaðilar sem miðla upplýsingum skulu skrásetja veitingu upplýsinga sem fer fram vegna markaðsþreifinga milli sín og allra aðila sem markaðsþreifingarnar beinast til. Slíkar skrár ættu að hjálpa markaðsaðilum sem miðla upplýsingum að sýna lögbærum yfirvöldum fram á rétta framkvæmd, einkum ef eðli upplýsinganna breytist eftir markaðsþreifinguna eða ef lögbæra yfirvaldið þarf að endurskoða ferlið við flokkun upplýsinganna. Í þeim tilgangi ætti að varðveita allar slíkar skrár á rafrænu formi.
- 2) Til að tryggja að veittar upplýsingar séu skráðar með samræmdum hætti, einnig þegar markaðsþreifingar fara fram á óskrásettum fundum eða í símtölum sem ekki eru tekin upp, ætti að semja samræmt sniðmát fyrir skriflegar fundargerðir eða minnispunkta sem markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingunum skal taka saman um þessa fundi og samræður.
- 3) Til að tryggja að þær upplýsingar sem veittar eru séu skrásettar með samræmdum hætti ættu markaðsaðilar sem miðla upplýsingum að skrásetja skrifleg samskipti til að upplýsa aðilana sem markaðsþreifingarnar beindust til um hvenær upplýsingarnar, sem miðlað er við markaðsþreifinguna eru ekki lengur innherjaupplýsingar.
- 4) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 5) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitni hagsmunahóps á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽²⁾.
- 6) Til að tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaða er nauðsynlegt að þessi reglugerð öðlist gildi eins fljótt og auðið er og að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð gildi frá sama degi og ákvæðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 596/2014.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 160, 17.6.2016, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 306/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 61.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjttíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Rafrænt form skráa

Allar skrár sem um getur í 6. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/960 ⁽¹⁾ skulu varðveittar á rafrænu formi.

2. gr.

Snið til skrásetningar skriflegra fundargerða eða minnispunkta

Markaðsaðilar sem miðla upplýsingum skulu semja þær skriflegu fundargerðir eða minnispunkta sem um getur í d-lið 2. mgr. 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/960 á rafrænu formi með því að nota:

- a) sniðmátið í I. viðauka ef markaðsaðilarnir sem miðla upplýsingunum telja að markaðspreifingin feli í sér miðlun innherjaupplýsinga,
- b) sniðmátið í II. viðauka ef markaðsaðilarnir sem miðla upplýsingunum telja að markaðspreifingin feli ekki í sér miðlun innherjaupplýsinga.

3. gr.

Snið til skrásetningar gagna vegna mögulegra fjárfesta

1. Markaðsaðilar sem miðla upplýsingum skulu skrá þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/960 á aðgreinda lista fyrir hverja markaðspreifingu.
2. Markaðsaðilar sem miðla upplýsingum skulu skrá þær upplýsingar sem um getur í 2. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/960 á einn lista.

4. gr.

Snið fyrir tilkynningar og skrásetningu þess efnis að upplýsingar séu ekki lengur innherjaupplýsingar

1. Markaðsaðilar sem miðla upplýsingum skulu upplýsa skriflega þá aðila sem markaðspreifingarnar beindust til um að upplýsingarnar sem miðlað var meðan á markaðspreifingunni stóð séu ekki lengur innherjaupplýsingar.
2. Markaðsaðilar sem miðla upplýsingum skulu skrá þær upplýsingar sem veittar eru í samræmi við 1. mgr. og fylgja sniðmátinu í III. viðauka.

⁽¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/960 frá 17. maí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um viðeigandi fyrirkomulag, kerfi og verklag fyrir markaðsaðila sem miðla upplýsingum og framkvæma markaðspreifingar (sjá Stjtíð. ESB L 160, 17.6.2016, bls. 29).

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. júlí 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. maí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Sniðmát fyrir skriflegar fundargerðir og minnispunkta sem um getur í d-lið 2. mgr. 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/960 ef innherjaupplýsingum er miðlað

Liður	Textareitur
i. Deili á markaðsaðila sem miðlar upplýsingunum	<i>Fullt nafn markaðsaðilans sem miðlar upplýsingunum og þess einstaklings innan hans sem veitir þær og samskiptaupplýsingar sem notaðar eru við veitingu upplýsinganna.</i>
ii. Deili á aðila sem tekur við upplýsingunum	<i>Fullt nafn aðilans sem tekur við upplýsingunum og samskiptaupplýsingarnar sem notaðar eru við veitingu þeirra.</i>
iii. Dagsetning og tími upplýsingaveitingar	<i>Dagsetning og tími(tímar) upplýsingaveitingar, þ.m.t. tímabelti.</i>
iv. Tilgreining á eðli samræðna í samræmi við a-lið 3. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 2016/960	<i>Skrásetning yfirlýsingar þess efnis að upplýsingarnar séu veittar vegna markaðspreifingar.</i>
v. Deili aðila sem markaðspreifingin beinist til staðfest í samræmi við c-lið 3. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/960	<i>Skrásetning upplýsinga um staðfestingu aðilans sem haft var samband við þess efnis að markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingunum sé í samskiptum við aðilann sem mögulegur fjárfestir hefur falið að taka við markaðspreifingunni.</i>
vi. Tilgreining í samræmi við d-lið 3. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/960 þess efnis að innherjaupplýsingum verði miðlað	<i>Skrásetning yfirlýsingar þess efnis að ef aðilinn sem upplýsingunum er miðlað til samþykkir að taka við markaðspreifingunni verði honum veittar upplýsingar sem markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingunum telur vera innherjaupplýsingar ásamt tilvísun í þá skyldu sem getið er um í 7. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014.</i>
vii. Upplýsingar um mat á því hvenær upplýsingarnar hætta að vera innherjaupplýsingar, í samræmi við e-lið 3. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/960	<i>Skrásetning á upplýsingum sem veittar eru, ef einhverjar eru, um áætlaðan tíma þegar þess er vænst að upplýsingarnar verði gerðar opinberar eða viðskiptin sett af stað, ásamt útskýringu á því hvers vegna þetta getur breyst og hvernig aðilinn sem markaðspreifingin beinist til verður upplýstur ef áætluð tímasetning gildir ekki lengur.</i>
viii. Yfirlýsing um skyldur aðilans sem upplýsingum er miðlað til í samræmi við f-lið 3. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 2016/960	<i>Skrásetning yfirlýsingarinnar sem gerir aðilanum sem upplýsingunum er miðlað til grein fyrir þeim skyldum sem gilda um það að búa yfir innherjaupplýsingum, í samræmi við b-, c- og d-lið 1. undirgreinar 5. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014.</i>
ix. Staðfesting samþykkis í samræmi við g-lið 3. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/960	<i>Skrásetning upplýsinganna um samþykki þess aðila sem markaðspreifingin beinist til fyrir því að taka við innherjaupplýsingum, eins og um getur í a-lið 1. undirgreinar 5. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 (beiðni og svar).</i>
x. Miðlun upplýsinga í samræmi við h-lið 3. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/960	<i>Lýsing á þeim upplýsingum sem miðlað er vegna markaðspreifingar sem tilgreinir hvaða upplýsingar teljast vera innherjaupplýsingar.</i>

II. VIÐAUKI

Sniðmát fyrir skriflegar fundargerðir og minnispunkta sem um getur í d-lið 2. mgr. 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/960 ef engum innherjaupplýsingum er miðlað

Liður	Textareitur
i. Deili á markaðsaðila sem miðlar upplýsingunum	<i>Fullt nafn markaðsaðilans sem miðlar upplýsingunum og þess einstaklings innan hans sem veitir þær og samskiptaupplýsingar sem notaðar eru við veitingu upplýsinganna.</i>
ii. Deili á aðila sem tekur við upplýsingunum	<i>Fullt nafn aðilans sem tekur við upplýsingunum og samskiptaupplýsingarnar sem notaðar eru við veitingu þeirra.</i>
iii. Dagsetning og tími upplýsingaveitingar	<i>Dagsetning og tími(tímar) upplýsingaveitingar, þ.m.t. tímabelti.</i>
iv. Tilgreining á eðli samræðna í samræmi við a-lið 4. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 2016/960	<i>Skrásetning yfirlýsingar þess efnis að upplýsingarnar séu veittar vegna markaðspreifingar.</i>
v. Deili staðfest í samræmi við c-lið 4. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/960	<i>Skrásetning upplýsinga um staðfestingu aðilans sem haft var samband við þess efnis að markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingunum sé í samskiptum við aðilann sem mögulegur fjárfestir hefur falið að taka við markaðspreifingunni.</i>
vi. Tilgreining í samræmi við d-lið 4. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/960 þess efnis að engum innherjaupplýsingum verði miðlað	<i>Skrásetning yfirlýsingar þess efnis að ef aðilinn sem upplýsingunum er miðlað til samþykkir að taka við markaðspreifingunni verði honum veittar upplýsingar sem markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingunum telur ekki vera innherjaupplýsingar ásamt tilvísun í þá skyldu sem getið er um í 7. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014.</i>
vii. Staðfesting samþykkis í samræmi við e-lið 4. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/960	<i>Skrásetning upplýsinga um samþykki aðilans sem markaðspreifingin beinist til fyrir því að markaðspreifingunni sé haldið áfram (beiðni og svar).</i>
viii. Miðlun upplýsinga í samræmi við f-lið 4. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/960	<i>Lýsing á upplýsingunum sem miðlað er vegna markaðspreifingar.</i>

III. VIÐAUKI

Sniðmát til skrásetningar á veitingu upplýsinga í samræmi við fyrstu undirgrein 6. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 til að upplýsa aðila sem markaðspreifingu hefur verið beint til um að upplýsingarnar sem miðlað hefur verið séu ekki lengur innherjaupplýsingar

Liður	Textareitur
i. Deili á markaðsaðila sem miðlar upplýsingunum	<i>Fullt nafn markaðsaðilans sem miðlar upplýsingunum og þess einstaklings innan hans sem veitir þær og samskiptaupplýsingar sem notaðar eru við veitingu upplýsinganna.</i>
ii. Deili á aðila sem tekur við upplýsingunum	<i>Fullt nafn aðilans sem tekur við upplýsingunum og samskiptaupplýsingarnar sem notaðar eru við veitingu þeirra.</i>
iii. Dagsetning og tími upplýsingaveitingar	<i>Dagsetning og tími(tímar) upplýsingaveitingar, þ.m.t. tímabelti.</i>
iv. Tilgreining á viðskiptum	<i>Upplýsingar sem tilgreina viðskiptin sem markaðspreifingin tók til. Þar á meðal geta verið upplýsingar um tegund viðskipta, t.d. almennt frumútbod (e. IPO), útbod á eftirmarkaði, samruni, stórviðskipti, lokað útbod, hlutafjáraukning.</i>
v. Dagsetning og tími markaðspreifingar	<i>Upplýsingar um dagsetninguna og tímann þegar innherjaupplýsingum var miðlað sem hluta af markaðspreifingu.</i>
vi. Tilkynning um að upplýsingarnar séu ekki lengur innherjaupplýsingar	<i>Yfirlýsing til að upplýsa aðilann sem markaðspreifingin beindist til um að veittar upplýsingar séu ekki lengur innherjaupplýsingar.</i>
vii. Dagsetning þegar upplýsingarnar hættu að vera innherjaupplýsingar	<i>Dagsetningin þegar upplýsingarnar sem miðlað hefur verið sem hluta af markaðspreifingu hættu að vera innherjaupplýsingar.</i>